

Fullgild rafren undirskrift

GÚSTAV ARON GÚSTAVSSON

2021-02-02 11:22:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafren undirskrift

ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON

2021-02-02 13:54:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarfélagið Árborg
B.t. forseta bæjarstjórnar Helga S. Haraldssonar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 1. febrúar 2021
Tilv.: SRN21010025/4.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2021-2024

Á fundi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga með fulltrúum sveitarfélagsins Árborgar þann 21. janúar sl. voru til umfjöllunar fjármál sveitarfélagsins, og fjárhagsáætlun 2021-2024.

Á fundinum kom fram að eftirlitsnefndin myndi senda sveitarfélaginu erindi varðandi þau atriði sem þarfnaðist að hennar mati frekari skýringar á sem eru:

- Leigubústaðir Árborgar ses. Fram kom á fundinum að staðfesting frá ráðherra í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 52/2016 liggur ekki fyrir. Hefur sveitarfélagið hug á að fá slíka staðfestingu? Ef svo er þá hvenær?
- Ábyrgð á langtímalánum Leigubústaða Árborgar ses. Óskað er upplýsinga um hvort Sveitarfélagið Árborg sé í ábyrgð lánnum Leigubústaða Árborgar ses.
- Fjárfesting. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar sveitarfélagsins verði fjármagnaðar með lánum frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Lán sjóðurinn hefur í sínum reglum ákveðin viðmið um hámarkslán til sveitarfélaga. Óskað er eftir upplýsingum um hvort fjármögnun áætlaðra fjárfestinga rúmist innan útlánaramma Lánasjóðsins og ef ekki, hvernig áætlaðar fjárfestingar verði fjármagnaðar og á hvaða lánskjörum.
- Aðrar tekjur. Óskað er eftir sundurliðun á liðnum aðrar tekjur og þá sérstaklega tekjur vegna gatnagerðargjalda, hvort tillit hafi verið tekið til allra kostnaðarliða sem þeim er ætlað að standa undir áður en til tekjufærslu kemur.
- Fjármagnskostnaður. Óskað er eftir sundurliðun á fjármagnskostnaði annars vegar vegna skammtíma- og hins vegar vegna langtímaskulda.
- Fjármagnstekjur. Óskað eftir sundurliðun á vaxtatekjum/fjármunatekjum.
- Nýr leik- og grunnskóli. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði niður á ár, annars vegar vegna nýja leikskólans og hins vegar grunnskólans.
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir. Í fjárhagsáætluninni kemur fram að rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir hækkar talsvert á tímabilinu, sem skýrist af því að tekjur eru í heild að aukast meira en

ÁRBORG	
Bnr: 00.13.3	Mótt: 04.02.21
Abm: EHH	Mnr: 2007034

DATE	TIME
DATE	TIME
PROB	

Afrit sent bæjarsjófa

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Eftirlitsnefndin fer þess á leit að svör við ofangreindum atriðum berist henni eigi síðar en 30 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa.

gjöld. Hverjar eru helstu forsendur fyrir því misvægi í þróun tekna og gjalda?